

Ed.

709. Breytingartillaga

[54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlagu.

Frá Helga Seljan.

Á eftir 97. gr. komi ný grein er verði 98. gr. og orðist svo:

Kosningu fulltrúa í stjórnir byggðasamlaga og héraðsnefnda og ákvörðun um fjölda stjórnarmanna, svo og kosningu fulltrúa á ársfundi landshlutasamtaka, skal haga þannig að tryggð sé lýðræðisleg dreifing fulltrúa og eðlileg aðild meiri hluta og minni hluta í sveitarstjórnnum. Eigi sveitarstjórn eða minni hluti í sveitarstjórn ekki kjörna fulltrúa í stjórn byggðasamlangs eða héraðsnefndar sem sveitarfélag er aðili að skal þeim heimilt að skipa a.m.k. einn sameiginlegan fulltrúa með málfrelsi og tillögurétti til að sitja stjórnarfundi.